

til þess að þér auglýsið það og gjörðið þær ráðstafanir, sem með þarf, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti álitur þeim mun minni ástæðu til að hika sér við að fallast á álit bæjarstjórnarinnar í Kaupmannahöfn og innanríkisstjórnarinnar, sem með þessu er kannast við, að minnsta kosti að því er snertir Kaupmannahöfn, og innanríkisstjórnin hefir ekki mótmælt því, að eitt skuli ganga yfir Ísland og Danmörk í þessu efni, þó það sé í gagnstæða átt við það, sem þér hafið hugsað yður, herra stiptamtmaður, og ber því framfærsluhreppnum, sem í hlut á, að greiða fê það, sem hér er rædt um, 49 rd. að upphæð.

1869.

9. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu sé fært niður.

9. marz.

Útaf bænarskrá þeirri, sem barst hingað með bréfi yðar, herra amtmaður, dagsettu 19. maímán. f. á., þar sem P. Böving, sýslumaður í Snæfellsnessýslu, sækir um uppgjöf á eptirgjaldinu af tæðri sýslu, hefir dómsmálastjórnin skrifast á við fjárhagsstjórnina og síðan leitað samþykkis ríkisþingsins í frumvarpinu til fjárhagslaganna fyrir fjárhagsárið 1869—70 — smbr. athugasemdirnar við frumvarpið, sem prentaðar eru, 56. bls. — til þess að eptirgjaldið af Snæfellsnessýslu verði sett niður um helming, og er nú veitt í fjárhagslögunum fyrir næsta fjárhagsár, sem voru staðfest af konungi 26. f. m., að færa megi niður eptirgjaldið af opt nefndri sýslu í 40 rd. á ári.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um formið á skýrslum um aðgjörðir yfirdómsins á Íslandi.

9. marz.

Með bréfi dagsettu 13. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra